

Alþingi
Erindi nr. P 141/1691
komudagur 20.2.2013

Nefndasviðs Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

20. febrúar 2013

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á landflutningalögum, mál nr. 124.

SVP- Samtök verslunar og þjónustu, sem gæta hagsmuna fyrir fyrirtæki á sviði flutninga, ítreka fyrri umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á landflutningalögum, mál nr. 303, dags. 1. apríl 2012, sjá meðfylgjandi.

Virðingarfyllst,

f.h. SVP – Samtök verslunar og þjónustu



Lísbet Einarsdóttir

Forstöðumaður flutninga- og fræðslumála SVP.

Nefndasviðs Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

1. apríl 2012

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á landflutningalögum, mál nr. 303.

SVÞ – Samtök verslunar og þjónustu, sem gæta m.a. hagsmuna fyrir fyrirtæki á sviði flutninga, mótmæla harðlega þeim rökum sem eru að baki frumvarpi til laga um breytingu á landflutningalögum.

Lagt er til að við 18. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi: *Við ákvörðun um flutningsgjald skal sundurgreina hvern kostnaðarlið. Óheimilt er að binda veittan afslátt við heildarflutning (framhaldsfrakt).* Samtökin velta því upp hvort það sé eðlilegt og í samræmi við samkeppnislög að gera einum flutningsmáta hærra undir höfði en öðrum með lagabreytingu sem þessari.

Í greinargerð með frumvarpinu segir að markmið þessara frumvarps sé að gera *strandsiglingar aðlaðandi kost í innanlandsflutningum* og þá m.a. með þeim rökum að viðhald á vegum landsins sé mikið og kostnaðarsamt vegna þungaflutninga. Hér vísa samtökin í umsögn sína til innanríkisráðueytis um niðurstöður starfshóps um strandsiglingar, dags. 22. febrúar 2012, sjá meðfylgjandi.


Þess ber einnig að geta að ekkert bendir til þess að fyrirtæki sem í dag nýta sér landflutninga hafi áhuga eða vilja til að nýta sér strandflutninga. Í lauslegri könnun sem gerð hefur verið meðal aðildarfyrirtækja SVÞ kemur í ljós að áhugi á að nýta sér strandsiglingar er hverfandi.

Stefna í samgöngumálum ætti fyrst og fremst að taka mið af fjárhags- og samfélagslegri hagkvæmni en ekki því að setja lög sem gera einum flutningasmáta erfiðara um vik en öðrum.

Ef ofangreind breyting verður samþykkt er á það bent að ný lög hafa áhrif á það hvernig samningar eru gerðir og því mikilvægt að aðlögunartími sé eðlilegur til að bregðast við nýjum lögum.

Virðingarfyllst,

f.h. SVÞ – Samtök verslunar og þjónustu



Lisbet Einarsdóttir

Forstöðumaður flutninga- og fræðslumála SVÞ.